



# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

## NORÐAUSTURVEGUR - BREYTT LEGA OG NÝ TENGING VIÐ ÞÉTTBÝLIÐ Í VOPNAFIRÐI



Gildandi aðalskipulag 2006-2026

mkv. 1:10.000 í A1



Breytt aðalskipulag

mkv. 1:10.000 í A1

### SKÝRINGAR

- íbúðarsvæði
- miðsvæði
- athafnasvæði
- iðnaðarsvæði
- hafnarsvæði
- svæði fyrir þjónustustofnanir
- verslunar- og þjónustusvæði
- opin svæði til sérstakra nota
- óbyggð svæði
- svæði fyrir frístundabyggð
- sorpförgunarsvæði
- efnistökusvæði / efnislosun
- náttúruverndarsvæði  
svæði á náttúruminjaskrá
- blönduð landnotkun  
litur í samræmi við fyrirhuguð landnot.
- landbúnaðarsvæði
- vötn, ár og sjór
- strandsvæði  
sem uppfyllir umhverfismörk fyrir útvistarstæði, sbr. fylgiskjal  
2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
- strandsvæði í flokki B
- stofnbraut
- tengibraut
- aðrir vegir  
til skýringar
- byggingar til niðurrifs
- vatnsveita í jörð
- rafveita, loftlína
- rafveita, jarðlína
- fjarskipti í jörð
- fráveita í jörð
- yfirfall í jörð
- fráveita í jörð  
notkun hætt á skipulagsstabililinu
- aðalstigur
- gönguleiðir / útvistarstigar
- reiðleiðir / reiðstigar

### FORSENDA BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggur til að Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 verði breytt vegna breyttra forsenda og fyrirliggjandi veghönnunar Norðausturvegar. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýri vegtengingu Norðausturvegar inni þéttbýlið um Vesturárdal. Við nánari útfærslu þeirrar veglínu kom í ljós að hæðarlega hennar hentaði ekki þar sem hún fullnægði ekki stöðlum Vegagerðarinnar. Einnig leiddi vinnan í ljós að vegtenging til norðurs yrði of brött miðað við gefna staðla. Við útfærslu nýrrar veglínu er jafnframt tekið mið af bættari tengingu til norðurs vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæðis í Finnafirði. Með breytingunni verða minni umhverfisáhrif á umhverfisþáttinn gróðurfar auk þess sem umferðaröryggi eykst.

### BREYTING Á ÞÉTTBÝLISUPPDRAEFTI

Lega Norðausturvegar frá Vesturárdal hliðrast til austurs. Tenging við Búðaröxl breytist. Gatnamót Norðausturvegar og tengingar við þéttbýlið breytist. Gert er ráð fyrir hringtorgi á gatnamótunum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Finnafirði. Hringtorg neðan kirkjugarðs er ekki talið nauðsynlegt og því fellt út. Tenging er frá nýjum vegi inná núverandi veg til norðurs að áningarstað sem þar er. Núverandi vegur verður jafnframt gönguleið. Tenging er úr hringtorgi inná núverandi veg út á Kolbeinstanga.

Afmörkun íbúðarsvæðis breytist samhlíða. Einnig aðlagast göngu- og reiðleiðir nýrri legu vegarins.

### BREYTING Á GREINARGERÐ

Í kafta 3.3.2 íbúðarsvæði breytist skilgreining íbúðarsvæðis vestan kirkjugarðs úr 100.000 m<sup>2</sup> í um 85.000 m<sup>2</sup> vegna breyttrar legu Norðausturvegar.

### SAMANTEKT UMHVERFISSKÝRSLU

Meðfylgjandi er umhverfisskýrsla dags. 22. ágúst 2011.

Fyrirhuguð framkvæmd á skipulagi þessu fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Hefur hún verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar (Norðausturvegur, breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu, dags 01.10.2010) sem úrskurðaði þann 04.11.2010 að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið í Vopnafirði væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar var lagt mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti sem lagðir voru til grundvallar, þ.e.: gróðurfar, fuglalíf, umferðaröryggi, ásýnd lands og fornleifar. Við matið var hverjum umhverfisþætti gefin einkunn vegna hugsanlegra áhrifa, þ.e. jákvæð áhrif (+), neikvæð áhrif (-), ekki teljandi áhrif (0) og óljós áhrif (?). Byggir umhverfisskýrsla þessi á því mati.

Ljóst er að votlendi mun raskast við framkvæmdina en mótvægisáðgerðir gera ráð fyrir að jafnmikið landsvæði verði endurheimt aðliggjandi rasksvæðinu (sjá kafta 5.2.1. Gróðurfar).

Niðurstaða matsins er sú að fyrirhuguð framkvæmd er ekki talin hafa teljandi áhrif á umhverfisþættina fuglalíf, ásýnd lands og fornleifar. Áhrif á gróðurfar er neikvæð á meðan á framkvæmdartíma stendur en mun ekki verða teljandi þegar endurheimt votlendis hefur átt sér stað. Jákvæð áhrif eru talin verða á umhverfisþáttinn umferðaröryggi.

Fornleifar á áhrifasvæði aðalskipulagsbreytingarinnar voru rannsakaðar af fornleifadeild Byggingasafns Skagafjarðar að beiðni Vegagerðarinnar 8.-10. nóvember 2010. Engar eldri minjar fundust undir þeim minjum sem greinilegar voru á yfirborði. Verði hinsvegar komið niður á slíkar minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins.

Niðurstaða Umhverfisskýrslu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er samhljóma niðurstöðu Vegagerðarinnar og fornleifafræðinga að neikvæð áhrif séu óveruleg til framtíðar en jákvæð áhrif á samfélag.

### ATHUGASEMDIR OG SVÖR

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var auglýst þann 27. maí 2011 til 8. júlí 2011. Ein athugasemd barst frá Tryggva Aðalbjörnssyni, Svövu Birnu Stefánsdóttur og Karín Bach, dags 6. júlí 2011. Svar við athugasemd var samþykkt á byggingarnefndarfundum þann 22. ágúst 2011 og á hreppsfundarfundum þann 25. ágúst 2011. Athugasemd og svör má finna aftast í Umhverfisskýrslu þar sem einnig er að finna greinargerð sveitarstjórnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

- Aðrir skilmálar aðalskipulagsins breytast ekki -

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem samþykkt var í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 25. ágúst 2011 hefur hlotið málsmeðferð skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar þann

10. október 2011

Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.



dags. 22. ágúst 2011  
Skipagata 12 Akureyri  
sími 461-2800 fax 462-7789  
info@teikn.is www.teikn.is